# HÁRG1VA03

| | |
|---|---|
| **Titill** | **Hár** |
| **Námsgrein** | Hár - valáfangi |
| **Viðfangsefni** | Um hvað snýst hársnyrtiiðn |
| **Skammstöfun** | HÁRG1VA03 |
| **Staða** | Stig 1 |
| **Þrep** | 1 |
| **Einingafjöldi** | 3 |
| **Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla** | |
| **Lýsing** | Í áfanganum fá nemendur innsýn í hársnyrtiiðn og fá tækifæri til að kynnast flestu því sem í almennri stofuvinnu felst.<br><br>Almennt heilbrigði hárs og hársvarðar.<br><br>Hárþvott, höfuðnudd og hárumhirðu.<br><br>Kennd er fléttutækni og að hanna og útfæra léttar hárgreiðslur.<br><br>Nemendur þjálfast í að nota hárblásara og sléttujárn.<br><br>Nemandi fær að klippa og lita æfingarhöfuð.<br><br>Farið er inn á þjónustusiðfræði og umgengni við viðskiptavini.<br><br>Áfanginn er einstaklingsmiðaður og lögð er áhersla á að auka sjálfsöryggi nemenda með því að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín og sýna frumkvæði til virkjunar hugmyndaflugs og sköpunargleði. |
| **Forkröfur** | Engar |
| **Þekkingarviðmið** | Að nemandi skilji og skynji hvað felst í því að verða hársnyrtir. |
| **Leikniviðmið** | Nemendur þjálfa hug og hönd með markvissum, skipulögðum og einföldum vinnubrögðum, efli sköpunargáfu sína og styrki fínhreyfingar og nái færni á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar.<br><br>Að nemendur auki vinnufærni sína og næri sköpunargáfu. |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br><br>• Auka þekkingu á hársnyrtiiðinni og þeim möguleikum og tækifærum sem starfið felur í sér. |

| | |
|---|---|
| | • Vinna skapandi verkefni í hári.<br>• Nýtt sér aukið sjálfsöryggi til að sýna frumkvæði til virkjunar hugmyndaflugs og sköpunargleði. |
| **Námsmat** | Mæting 60%<br><br>Virkni í tímum 20%<br><br>Samvinna/ samskipti 20% |
| **Útgáfunúmer** | |
| **Skólar** | FSu |
| **Fyrirmynd** | |
| | |